

## **Verklagsreglur vegna skráninga á ökutækjum sem ekki uppfylla kröfur um tækniupplýsingar frá framleiðanda eða viðurkenndri tækniþjónustu**

Með reglugerð nr. 236/2014 um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004, sem tók gildi þann 4. mars 2014, var ökutækjum sem ekki er unnt að afla áskilinna tækniupplýsinga fyrir frá framleiðanda eða viðurkenndri tækniþjónustu, veitt möguleg undanþága frá tilteknum kröfum um gögn við skráningu þeirra í ökutækjaskrá.

Samkvæmt ákvæðinu metur Samgöngustofa hvort undanþága verði veitt. Verklagsreglur þessar lýsa þeim skilyrðum sem uppfylla þarf til að Samgöngustofa veiti undanþágu. Vegna mismunandi gagna sem fylgja hverju ökutæki eru verklagsreglur þessar leiðbeinandi.

### **Skráningarviðurkenning nýrra ökutækja**

Við forskráningu nýs ökutækis skal, samkvæmt ákvæði 03.04 reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, framvísa:

**a.** Frumrit upprunavottorðs frá framleiðanda ökutækisins [...].

**b.** Upplýsingar um:

1. Gerð ökutækis,
2. Tegund ökutækis,
3. Undirtegund ökutækis,
4. Verksmiðjunúmer,
5. Framleiðanda,
6. Slagrými,
7. Orkugjafa,
8. Burðargetu einstakra ása,
9. Afl hreyfils (kW),
10. Hávaða við snúning; kyrrstöðumæling og akstursmæling,
11. Leyfða heildarþyngd
12. Eiginþyngd,
13. Útblástursmengun (EURO staðall),
14. Þyngd hemlaðs eftirvagns,
15. Þyngd óhemlaðs eftirvagns,

Ofangreindar upplýsingar skulu, eftir því sem við á, staðfestar með vottorði frá framleiðanda eða viðurkenndri tækniþjónustu í frumriti, þar sem fram kemur verksmiðjunúmer viðkomandi ökutækis.

**c.** Vottorð um niðurstöðu skráningarskoðunar frá faggiltri skoðunarstofu, eða fulltrúaskoðunar eigi hún við.

**d.** Farmbréf.

Hafi innflytjandi nýs ökutækis sannanlega sýnt fram á að ekki sé unnt að afla vottorðs með þeim upplýsingum sem fram koma í b-lið getur Samgöngustofa veitt undanþágu frá framlagningu þess. Undanþágan skal bundin því skilyrði að ökutækið sæti skoðun faggildrar skoðunarstofu sem á sér stað í tollporti fyrir forskráningu. Við slíka skoðun skal skoðunarmaður fylla út gátlista samkvæmt viðauka I

við verklagsreglur þessar, bera saman verksmiðjunúmer við upprunavottorð og ljósmynda allar tækniupplýsingar sem koma fram á ökutækinu, s.s. í vélarrými, hvalbak og hurðarstaf. Að skoðun lokinni skal innflytjandi senda öll gögn til Samgöngustofu ásamt útfylltri umsókn um forskráningu nýs ökutækis.

Við mat Samgöngustofu á því hvort umsókn um forskráningu sé samþykkt á grundvelli undanþáguheimildarinnar, eru lögð til grundvallar þau sjónarmið sem fram koma í tilskipun 2007/46/EB er varða umhverfisvernd og umferðaröryggi. Gerð er sú krafa um mengun að ökutækin uppfylli nógildandi Euro-mengunarstaðla eða sambærilegar kröfur, s.s. „California Standard“ eða „All Fifty States“.

### **Skráningarviðurkenning notaðra ökutækja**

Við forskráningu notaðs ökutækis skal, samkvæmt ákvæði 03.05 reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, framvísa:

**a.** Frumrit erlends skráningarskírteinis, eða titilsbréfs, sem veitir heimild til notkunar án takmörkunar í landinu þar sem skráningarskírteinið/titilsbréfið er gefið út. Gögn þurfa einnig að fylgja um staðfestingu á fyrsta skráningardegi og/eða framleiðsluári, komi þessi atriði ekki fram í skráningarskírteininu/titilsbréfinu [...].

**b.** Upplýsingar um:

1. Gerð ökutækis,
2. Tegund ökutækis,
3. Undirtegund ökutækis,
4. Verksmiðjunúmer,
5. Framleiðanda,
6. Slagrými,
7. Orkugjafa,
8. Burðargetu einstakra ása,
9. Afl hreyfils (kW),
10. Hávaða við snúning; kyrrstöðumæling og akstursmæling,
11. Leyfða heildarþyngd
12. Eiginþyngd,
13. Útblástursmengun (EURO staðall),
14. Þyngd hemlaðs eftirvagns,
15. Þyngd óhemlaðs eftirvagns,

Ofangreindar upplýsingar skulu, eftir því sem við á, staðfestar með vottorði frá framleiðanda eða viðurkenndri tækniþjónustu í frumriti, þar sem fram kemur verksmiðjunúmer viðkomandi ökutækis. Komi framangreindar tæknilegar upplýsingar fram í erlendu skráningarskírteini ökutækisins teljast þær vera fullnægjandi.

**c.** Vottorð um niðurstöðu skráningarskoðunar frá faggiltri skoðunarstofu, eða fulltrúaskoðunar eigi hún við.

**d.** Farmbréf, nema þegar innflytjandi er skráður eigandi samkvæmt skráningarskírteini.

Hafi innflytjandi notaðs ökutækis sannanlega sýnt fram á að ekki sé unnt að afla vottorðs með þeim upplýsingum sem fram koma í b-lið getur Samgöngustofa veitt undanþágu frá framlagningu þess. Undanþágan skal bundin því skilyrði að ökutækið sæti skoðun faggildrar skoðunarstofu sem á sér stað

í tollporti fyrir forskráningu. Við slíka skoðun skal skoðunarmaður fylla út gátlista samkvæmt viðauka I við verklagsreglur þessar, bera saman verksmiðjunúmer við skráningarskírteini eða titilsbréf og ljósmynda allar tækniupplýsingar sem koma fram á ökutækinu, s.s. í vélarrými, hvalbak og hurðarstaf. Að skoðun lokinni skal innflytjandi senda öll gögn til Samgöngustofu ásamt útfylltri umsókn um forskráningu notaðs ökutækis.

Við mat Samgöngustofu á því hvort umsókn um forskráningu sé samþykkt á grundvelli undanþáguheimildarinnar, eru lögð til grundvallar sjónarmið sem varða umhverfisvernd og umferðaröryggi og fram koma í upphafsákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja. Gerð er sú krafa um mengun að ökutækin uppfylli núgildandi Euro-mengunarstaðla eða sambærilegar kröfur, s.s. „California Standard“ eða „All Fifty States“.

### Samantekt

Ferli við skráningu á ökutæki án tækniupplýsinga frá viðurkenndri tækniþjónustu eða framleiðanda er því eftirfarandi:

1. Umsækjandi þarf að útvega tæknivottorð frá viðurkenndri tækniþjónustu eða frá framleiðanda.
2. Ef ekki er unnt að útvega slíkt vottorð, kemur umsækjandi með staðfestingu frá tækniþjónustu eða framleiðanda á því að þessar upplýsingar séu ófánlegar, til Samgöngustofu (útprintun á tölvupósti sem staðfestir þetta dugar) og sækir um undanþágu á því að framvísa tæknivottorði.
3. Samgöngustofa samþykkir undanþágu ef sannreynt hefur verið að ekki sé unnt að afla tæknivottorðs.
4. Að beiðni innflytjanda fer skoðunarmaður skoðunarstöðvar í tollport og tekur myndir af upplýsingaplötum í ökutæki og fyllir út viðauka 1 í verklagsreglunum. Gögnum (myndir af tækniupplýsingum ökutækis, viðauki 1, umsókn um forskráningu, titilsbréf í frumriti og frambréfi) er skilað til Samgöngustofu af viðskiptavini eða skoðunarstöð.
5. Umsókn er tekin fyrir og ökutækið forskráð uppfylli ökutækið og umsókn skilyrði til forskráningar.
6. Ökutækið skal fært til skoðunar á þeirri skoðunarstöð sem tilgreind er á forskráningarumsókn.

## VIÐAUKI I

Gátlisti fyrir umsókn um forskráningu ökutækja sem koma án gagna með tækniupplýsingum

- Tegund ökutækis: \_\_\_\_\_
- Undirtegund ökutækis: \_\_\_\_\_
- Verksmiðjunúmer: \_\_\_\_\_
- Framleiðandi ökutækis: \_\_\_\_\_
- Framleiðslumánuður og ár: \_\_\_\_\_
- Litur: \_\_\_\_\_
- Slagrými: \_\_\_\_\_  cm<sup>3</sup>  cid
- Afl hreyfils : \_\_\_\_\_  kW  hp
- Orkugjafi: \_\_\_\_\_
- Útblástursmengun (mengunarstaðall): \_\_\_\_\_
- Hávaði við snúning:
  - Kyrrstöðumæling: \_\_\_\_\_
  - Akstursmæling: \_\_\_\_\_
- Burðargeta:
  - Ás 1: \_\_\_\_\_  kg  lbs
  - Ás 2: \_\_\_\_\_  kg  lbs
  - Ás 3: \_\_\_\_\_  kg  lbs
  - Ás 4: \_\_\_\_\_  kg  lbs
  - Ás 5: \_\_\_\_\_  kg  lbs
- Leyfð heildarþyngd: \_\_\_\_\_  kg  lbs
- Heildarþyngd vagnlestar: \_\_\_\_\_  kg  lbs
- Er dráttarbúnaður á ökutækinu?:  Já  Nei
  - Tegund dráttarbúnaðar:  Kúlutengi  Boltatengi  Dráttarstóll
  - Nánari upplýsingar: \_\_\_\_\_
- Þyngd hemlaðs eftirvagns: \_\_\_\_\_  kg  lbs
- Þyngd óhemlaðs eftirvagns: \_\_\_\_\_  kg  lbs

**Meðfylgjandi skulu fylgja myndir af tækniupplýsingum ökutækis þessu til staðfestingar.**

\_\_\_\_\_  
Staður og dagsetning

\_\_\_\_\_  
Skoðunarstöð

\_\_\_\_\_  
Undirskrift og númer skoðunarmanns